

Sigríður Kristinsdóttir
sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmára 1
201 Kópavogi

Reykjavík, 15. maí 2026
Mál nr. F6/2026

Líkt og sýslumanni er kunnugt um barst mér fyrr í þessari viku ábending þess efnis að sá hluti húsnæðis embættis sýslumanns þar sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram sé ekki nægilega aðgengilegur fyrir fatlað fólk. Af þessu tilefni heimsótti ég ásamt starfsmanni mínum embætti sýslumanns í gærdag í þeim tilgangi að kynna mér aðstæður. Ræddi ég við sýslumann og starfsmann embættisins um tilefni heimsóknarinnar og kvaðst sýslumaður ætla að athuga hvort unnt væri að grípa til úrbóta áður en utankjörfundaratkvæðagreiðslu lyki, þ.e. í kvöld 15. maí 2026.

Framangreind ábending laut samandregið að því að rampar, sem sérstaklega hafði verið komið fyrir til að greiða fyrir aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslunni, væru ekki með kant eða brík til að fyrirbyggja að hjólastólum sé ekið út af rampinum. Þá væri snúningsflötur á römpunum ekki nógu stór svo að unnt væri að snúa þar hjólastól með góðu móti. Að síðustu var bent á að ramparnir þektu stóran hluta gangstéttarinnar með þeirri afleiðingu að notendum hjólastóla kynni að reynast erfitt að komast á milli rampsins og bifreiðastæða, ekki síst þegar bifreiðum væri lagt þannig í stæðin að stuðari þeirra skagaði inn á gangstéttina.

Með hliðsjón af framangreindu er þess óskað, með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að sýslumaður lýsi afstöðu sinni til þess hvort aðgengi að þeim hluta húsnæðis embættisins, sem hýsir utankjörfundaratkvæðagreiðsluna, sé fullnægjandi fyrir fatlað fólk, sbr. meðal annars i.-lið a-liðar 29. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. 2. gr. samnefndra laga nr. 80/2025, og kröfur þar að lútandi í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Þá verði upplýst hvort framangreind ábending hafi orðið embættinu tilefni til aðgerða og, ef svo er, hverra. Jafnframt er óskað upplýsinga um hvort tekið verði mið af framangreindu við síðari utankjörfundaratkvæðagreiðslur.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 29. maí nk.

Virðingarfyllst,



Kristín Benediktsdóttir